



# UPPLÝSINGAFUNDUR

VEGNA COVID-19 HEIMSFARALDURS

ELÍN FREYJA HAUKSDÓTTIR

YFIRLÆKNIR HSU HORNAFIRÐI OG SVÆÐISLÆKNIR SÓTTVARNA

Í AUSTUR SKAFTAFELLSSÝSLU

# HVAÐ ER COVID-19

- **Kórónaveira**
- **Ný umgangspest sem við þekkjum ekki frá áður og þar af leiðandi er enginn með mótefni gegn henni**
- **Ættingjar hennar valda almennum kvefpestum en einnig alvarlegri tilfellum eins og SARS (2002-2003) og MERS (2012)**

## • Einkenni

- **Flenzu-lík einkenni**
- **Hiti, þurr hósti, beinverkir og slappleiki.**
- **Sumir fá hálsbólgu-einkenni**
- **Meltingareinkenni sjaldgæf**
- **Öndunarerfiðleikar**
- **Koma oftast fram 3-7 d eftir smit, en allt að 14 dögum eftir smit.**

# SMITLEIÐIR

- **Beint smit**

- Bein snerting við veika manneskju eða snertiflöt sem hún var nýlega búin að snerta
- Með menguðum fingrum snertum við slímhúð í andliti (augu, nef eða munn)

- **Dropa smit**

- Veikur einstaklingur hóstar / hnerrar framan í okkur og dropar berast í augu, nef eða munn
- Þarf helst að vera innan eins meters
- Berst ekki með úða

# HVER ER MUNUR Á SÓTTKVÍ OG EINANGRUN

## • Sóttkví

- Fólk sem hefur verið í beinni snertingu við smitandi veika manneskju
- Fólk sem hefur dvalið á skilgreindum áhættusvæðum, sem í dag eru Kína, Suður Kórea, Íran, Ítalía, Austurríki og öll skíðasvæði í Ölpunum.
- Fólk er í sóttkví í 2 vikur

## • Einangrun

- Veikt fólk
- Staðfest COVID-19 sýking
- Fólk sem bíður niðurstöðu úr sýnatöku
- Er í 10 daga eftir að það verður hitalaust. En fyrst þá er gerð skoðun og fólk útskrifað ef það er ekki lengur smitandi.

# AFHVERJU VIRKA ENGIN LYF Á COVID-19

## • Veirur

- Til lyf við fáum veirum, sum halda þeim niðri og önnur flýta fyrir bata
- Sértek hvít blóðkorn vinna á þessu, drápsfrumur, en fyrst þarf líkaminn að búa til mótefni til að þekkja sýktar frumur.
- Valda flestum öndunarvegs sýkingum hjá fólki og hitapestum hjá börnum
- Eigum bóluefni við þónokkrum, en þau eru gangslaus ef veiran stökkbreytist stöðugt eins og kvefpestir

## • Bakteríur

- Sýklalyf drepa þær flestar
- Smitast ekki jafn auðveldlega
- Ofnæmiskerfið bregst harrkalega við
  - Aukin framleiðsla á hvítum blóðkornum
  - Líkamshiti hækkar
  - Mikil einkenni

# MEÐFERÐ FYRIR FÓLK SEM SÝKIST AF COVID-19

- **Fyrst og fremmst einkennameðferð – fyrir lítið veikt fólk (80%)**
  - Halda að þeim vökva og næringu
  - Hvíld
  - Verkjalyf (parataps, ibufen) við beinverkjum og hita  $>39,5^{\circ}\text{C}$
- **Fyrir þá sem eru of veikir til að vera heima (ca 15-20%)**
  - Innlögn á LSH eða Sak
  - Súrefnismeðferð og í sumum tilfellum gjörgæslumeðferð

# COVID-19 OG HIN ÁRLEGA INFLUENZA


## • COVID-19

- Á núverandi stundu eru um 120 þús smitaðir og andlát ca 4300 á heimsvísu
- Sennilega eru fleiri smitaðir, þar sem löndin taka mis hart á þessum faraldri
- Um 80 % smitaðra fá væg einkenni
- Um 20 % verða mikið veik
- Um 5 % þurfa á gjörgæslumeðferð að halda (öndunarvél)

## • Influenza A og B á heimsvísu

- Óþekkt hversu margir smitast árlega
- Áætlað að 3-5 mill manna þurfi sjúkrahúsvist
- Áætlað að 290 – 650 þús látist
- Hefur gífulega mikil áhrif á þjóðfélagið, kostnaðarsamt vegna fjarveru fólks úr vinnu, sjúkrahúsvist og dauða.

# AFHVERJU ERU SVONA MIKIL VIÐBRÖGÐ VIÐ COVID-19 EN EKKI HINNI ÁRLEGU INFLUENZU



Skýringarmynd fengin af fésbókarsíðu Almannavarna



# HVAR Á ÉG AÐ LEITA MÉR UPPLÝSINGA

- **Landlæknisembættið**
  - **Daglegar fréttir**
  - **Leiðbeiningar fyrir alla, almenning, fólk í áhættu, heilbrigðisstarfsfólk og fleiri**
  - **Daglegar stöðuskýrslur, tala smitaðra hér sem erlendis**
- **Fésbókarsíða og heimasíða Sveitarfélagsins Hornafjarðar**
  - **Munum birta fréttir reglulega**
  - **Munum upplýsa almenning um að smit sé komið í sveitarfélagið og einnig hvort fólk hér sé í sóttkví (ekki trúá sögusögnum, lesið fréttirnar hjá okkur).**
  - **Persónuvernd, birtum ekki nöfn einstaklinga né heimilisfang**
  - **Réttur til upplýsinga í almannavarnaástandi**



# **SPURNINGAR OG SVÖR**